

Ræða formanns á ársfundi 2020

Góðir sjóðfélagar

I. Inngangur

Árið 2019 fer í sögubækurnar sem eitt besta ár fyrir fjárfesta frá upphafi.

Góð ávöxtun var á innlendum og erlendum mörkuðum á árinu. Allar ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins nutu góðs af hagstæðri þróun á mörkuðum og skiluðu ágætri ávöxtun.

Ævisafn I hækkaði mest eða um 17,6% sem jafngildir um 14,5% raunávöxtun. Innlánasafnið hækkaði minnst eða um 4,3% sem þýðir 1,6% raunávöxtun.

Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðs batnaði milli ára vegna góðrar ávöxtunar en breyttar forsendur um lengri meðalævi þyngdu skuldbindingar á móti. Áunnin staða, samanburður á núverandi eignum og skuldbindingum batnaði lítillega en framtíðarstaða, samanburður á framtíðarréttindum og iðgjöldum, versnaði.

Árið 2020 fór vel af stað og hækkuðu ávöxtunarleiðir skarpt á fyrstu tveimur mánuðum ársins í takt við hækkanir á bæði innlendum og erlendum mörkuðum.

Uppgjör sjóðsins vegna ársins 2019 gekk vel og samkvæmt fundaáætlun stjórnar var gengið frá ársskýrslu á stjórnarfundi þann 11. mars sl. eða sama dag og alþjóðaheilbrigðisstofnunin lýsti COVID-19 sem heimsfaraldri. Stefnt var að því að halda ársfund þann 26. mars en eftir að sett var á samkomubann var fundinum frestað um óákveðinn tíma. Sem betur fer tókst vel að hemja faraldurinn hér á Íslandi og íslenskt heilbrigðiskerfi og starfsmenn þess hafa staðið sig frábærlega. Ég mun víkja að efnahagslegum áhrifum faraldursins síðar.

Í ársskýrslu sjóðsins er gerð grein fyrir rekstri og afkomu sjóðsins á síðasta ári.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir gera grein fyrir rekstri hans og tryggingafræðilegri stöðu og síðan mun Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, fara yfir ávöxtun síðasta árs og kynna fjárfestingarstefnuna.

II. Ávöxtun og horfur

Góð ávöxtun á síðasta ári er auðvitað fagnaðarefni og að segja má toppurinn á góðum áratug en á árunum 2010 til 2019 skiluðu ávöxtunarleiðir að jafnaði frá 2% upp í 5,7% raunávöxtun á ári.

Að hluta til má skýra góða ávöxtun á liðnum árum með vaxtalækkunum síðustu ára en samband vaxta og eignaverðs er að jafnaði öfugt, það er þegar vextir lækka þá hækkar eignaverð, þar sem markaðsverð skuldabréfa og hlutabréfa er reiknað sem núvirði væntanlegs greiðsluflæðis og núvirðið hækkar þegar ávöxtunarkrafa lækkar.

Vextir á fjármálamörkuðum hafa víðast hvar farið lækkandi á síðustu áratugum og eru sögulega lágir í mörgum löndum, þar á meðal hér á landi. Lágir vextir geta örvað fjárfestingar og efnahagslíf þjóða en fyrir fjárfesta er lágt vaxtastig ekkert endilega góðar fréttir og þýðir yfirleitt að þeir þurfa að spara meira til að safna fyrir einhverju.

Í lágvaxtaumhverfi munu vaxtaberandi eignir skila lægri ávöxtun til framtíðar og svipaða sögu er að segja af öðrum eignum vegna hás eignaverðs.

Söguleg gögn styðja þetta. Ef litið er yfir langt tímabil á vestrænum verðbréfamörkuðum hefur raunávöxtun hlutabréfa verið á bilinu 5% til 6% að jafnaði og skuldabréfa um 2%.

Ef tímabilinu er skipt í tímabil vaxtalækkana og hækkana er sagan allt önnur. Á tímum vaxtalækkana hafa hlutabréf að jafnaði skilað um 9% raunávöxtun og skuldabréf 3,5%. Á tímum vaxtahækkana hafa hlutabréf hins vegar skilað um 2% raunávöxtun en ríkisskuldabréf rétt yfir núlli.

Greining á sögulegri ávöxtun verðbréfa sýnir einnig fylgni á milli vaxtastigs á hverjum tíma og ávöxtunar skuldabréfa og hlutabréfa næstu ára. Þegar raunvextir eru lágir hefur ávöxtun hlutabréfa og skuldabréfa að jafnaði verið undir langtímameðaltali næstu fimm ár á eftir.

Ég hef áður vikið að þessari þróun á sama vettvangi en síðan hafa vextir lækkað meira og eignaverð hækkað áfram. Ég vil ekki vera svartsýnn en þótti rétt að vekja athygli á að með hliðsjón af markaðsaðstæðum og sögulega lágum vöxtum er margt sem bendir til þess að ávöxtun á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum verði undir langtímameðaltali til skamms tíma eða til næstu fimm eða 10 ára.

Stjórn sjóðsins hittist á vinnufundi í september þar sem eitt af viðfangsefnum dagsins var ávöxtun í lágvaxtaumhverfi. Engin breyting hefur verið gerð á fjárfestingarstefnu en sjóðurinn hefur þó brugðist við breyttum markaðsaðstæðum með því að fjölga eignaflokkum og hefur til að mynda hafið

fjárfestingar í innviðasjóðum sem að öllu jöfnu skila ávöxtun á milli hlutabréfa- og skuldabréfa.

Einnig hafa verið stigin skref til að stytta meðaltíma skuldabréfa í eigu sjóðsins samhliða því sem sjóðurinn hefur lagt áherslu á að kaupa skuldabréf með breytilegum vöxtum þar sem þau hafa verið í boði.

III. COVID faraldurinn

Í dag eru liðnir 85 dagar síðan stjórn lífeyrissjóðsins undirritaði og gekk frá ársreikningi sjóðsins fyrir síðasta ár.

Í skýrslu stjórnar var ein málsgrein um COVID-19 sjúkdóminn en á þeim tíma var erfitt að átta sig á áhrifum hans á heimshagkerfið. Það sem síðan hefur gerst þekkja allir. Nú er ljóst að faraldurinn mun hafa mikil áhrif á heimshagkerfið á þessu ári og mögulega lengur. Hér á landi eru áhrifin mest hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem mörg hver hafa upplifað algert tekjuhrun í óákveðinn tíma.

Önnur fyrirtæki, sveitarfélög og ríkissjóður munu einnig verða fyrir höggi sem vonandi verður skammvinnnt.

Erlendir markaðir lækkuðu mikið fyrst eftir að faraldurinn breiddist út á vesturlöndum en lækkunin hefur síðan gengið að hluta til baka.

Í efnahagssamdrætti skiptir höfuðmáli að eignir séu vel dreifðar og nú kemur sér vel stefna Almenna lífeyrissjóðsins um að dreifa eignum á lönd, atvinnugreinar, útgefendur og verðbréfaflokka.

Gengisþróun ávöxtunarleiða endurspeglar þetta, gengið lækkaði í mars en vegna veikingar krónunnar og viðspyrnu á erlendum mörkuðum hefur það hækkað aftur.

Sjóðurinn brást hratt við í upphafi COVID faraldursins. Fyrstu viðbrögð voru að tryggja að sjóðurinn gæti veitt lágmarkspjónustu og greitt lífeyri ef veikindi kæmu upp á vinnustaðnum og allir starfsmenn yrðu sendir heim.

Síðar meir var skrifstofunni lokað og starfsfólki skipt í tvo hópa sem unnu viku í senn á skrifstofu og heima. Stjórn sjóðsins fylgdist vel með og fundaði vikulega með stjórnendum á fjarfundum. Þrátt fyrir lokun skrifstofunnar gekk vel að veita þjónustu og upplýsa sjóðfélaga með símtölum, netspjalli og tölvupóstsamskiptum.

Svo vil ég líka benda á að á heimasíðu sjóðsins er líka rafrænn netráðgjafi alltaf á vaktinni með svör við algengustu spurningum sjóðfélaga á hverjum tíma.

Þegar stjórnvöld kynntu áform um opnun séreignarsparnaðar var strax byrjað að undirbúa það. Ákveðið var að umsóknir yrðu rafrænar og færðu alfarið í gegnum sjóðfélagavef.

Á sama tíma var tilkynnt að sjóðfélagar með lán gætu fengið greiðslufrest af lánnum.

Loks var ákveðið að koma til móts við launagreiðendur í vanda og lækka vanskilavexti af iðgjöldum fyrir launatímabilin febrúar til maí.

Í faraldrinum og eftirmálum hans hefur verið lögð áhersla á upplýsingagjöf til sjóðfélaga, mestmegnis í gegnum heimasíðu sjóðsins. Sjóðurinn gerði einnig tilraun með streymi fyrir sjóðfélaga þar sem ráðgjafi fór yfir helstu spurningar sem berast þessa dagana og sjóðstjóri fór yfir þróun á mörkuðum og gengisþróun ávöxtunarleiða.

Skrifstofa sjóðsins opnaði að nýju mánudaginn 18. maí. Til að gæta fyllstu varúðar verður í fyrstu eingöngu tekið á móti fólki í fyrirfram bókuðum viðtalstímum. Þeir viðtalstímar fara fram í fundarsölum sjóðsins til að tryggja að farið verði eftir tveggja metra reglunni.

Eftir sem áður geta sjóðfélagar nýtt sér rafrænar lausnir til samskipta og til að koma gögnum til skila. Vel hefur gengið að leysa mál með símtali, netspjalli og tölvupósti í samkomubanninu og full ástæða til að hvetja sjóðfélaga til að nýta sér það áfram.

IV. Frumvarp um breytingar á lögum um lífeyrissjóði

Í nóvember síðastliðnum var lagt fram til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna breytinga á lögum um lífeyrissjóði.

Frumvarpið var hluti af loforðum stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, svokallaða lífskjarasamninga. Stefnt var að því að afgreiða frumvarpið hratt og að það tæki gildi 1. janúar 2020.

Til að byrja með var gefinn níu daga frestur til að skila inn umsögn en síðar var hann framlengdur þegar menn áttuðu sig betur á undirliggjandi hagsmunum.

Meðal helstu breytinga sem lagðar voru til var að skylduiðgjald í lífeyrissjóð myndi hækka úr 12% í 15,5% af launum, lágmarksréttindaávinnsla fyrir elli- og örorkulífeyri myndi hækka úr 1,4% á ári í 1,8% og að lögfest yrði ný tegund séreignar, svokölluð tilgreind séreign, með þrengri útborgunar- og fjárfestingarheimildir en hefðbundinn séreignarsparnaður.

Samhliða breytingu á lögum um lífeyrissjóði voru lagðar til breytingar á lögum um almannatryggingar þess efnis að séreign, sem myndast af lágmarksiðgjaldi önnur en tilgreind séreign, muni í framtíðinni skerða greiðslur almannatrygginga auk þess að teljast til tekna vegna innheimtu dvalartekna aldraðra.

Tilgangurinn með þessari breytingu er að jafna áhrif lágmarksiðgjalds gagnvart almannatryggingum eða að sama iðgjald hafi áhrif á lífeyrisgreiðslur almannatrygginga.

Almenni lífeyrissjóðurinn skilaði inn umsögn um frumvarpið í ellefu liðum. Meðal annars bentum við á að engin greining hafði farið fram á sparnaðarpörf einstaklinga og að málefnaleg rök fyrir hækkun skylduiðgjalds og lágmarksréttindaávinnslu vantaði.

Einnig komum við á framfæri að ný tegund séreignar með þrengri útborgunar- og fjárfestingarheimildir en hefðbundinn séreignarsparnaður, myndi auka flækjustig lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar.

Tillaga um jöfnun lágmarksiðgjalds gagnvart almannatryggingum er málefnaleg. Sjóðurinn gagnrýndi hins vegar útfærsluna og alveg sérstaklega að lagt væri til að breytingar gildi afturvirktt í stað þess að gilda eingöngu um séreign sem kemur til með að safnast upp eftir gildistöku laganna.

Með því að breyta fyrirkomulagi afturvirktt er forsendum breytt hjá þúsundum einstaklinga sem hafa til margra ára lagt fyrir í samræmi við gildandi lög og reglur.

Margar athugasemdir bárust við frumvarpið og svo fór að það var aldrei lagt fram. Málinu er hins vegar ekki lokið en við vitum að það er þrýstingur af hálfu samningsaðila á almennum vinnumarkaði á að allir greiði sambærilegt skylduiðgjald í lífeyrissjóð og um jöfn áhrif iðgjalds gagnvart almannatryggingum.

Núverandi lífeyriskerfi byggir á lögum sem voru samþykkt á Alþingi árið 1997.

Í aðdraganda þeirra voru skoðanir nokkuð skiptar um framtíðarfyrirkomulag lífeyrismála en á endanum náðist víðtæk sátt meðal hagsmunaaðila.

Okkar ósk er að mögulegar breytingar á lífeyrissjóðalögum, sem hafa áhrif á fjármál tugþúsunda einstaklinga, byggi á vandaðri greiningu og viðtæku samráði við alla hagsmunaaðila.

V. Lán til sjóðfélaga

Almenni lífeyrissjóðurinn býður virkum sjóðfélögum að taka lán til langs tíma gegn veði í fasteign. Á árinu voru veitt samtals 546 ný lán til sjóðfélaga fyrir 14,7 milljarða sem er hæsta fjárhæð sem sjóðurinn hefur lánað á einu ári. Ný lán voru að meðaltali með 47% veðsetningu en sjóðurinn miðar við fasteignamat eða umsamið kaupverð samkvæmt kaupsamningum.

Á árinu nam fjárhæð uppgreiddra eldri lána 6,1 milljarði sem er það mesta sem hefur verið greitt upp á einu ári. Nettó útlán á árinu námu því 8,6 milljörðum sem er mesta aukning á lánum til sjóðfélaga á einu ári.

Samtals voru útistandandi lán að fjárhæð 38,9 milljarðar í árslok og skiptust þau á milli Samtryggingarsjóðs, Ævisafns I, Ævisafns II, Ævisafns III og Húsnæðissafns. Samtryggingarsjóður á mest eða 22,5 milljarða en vægi af eignum er þungt í Húsnæðissafni eða 72% af heildareignum safnsins.

Stjórn sjóðsins fylgist með þróun nýrra og uppgreiddra lána í hverjum mánuði. Þegar eftirspurn eftir nýjum lánum tók að vaxa á haustmánuðum var lánareglum breytt tvívegis.

Í október var tíminn lengdur sem farið er fram á að sjóðfélagar þurfi að hafa greitt til sjóðsins áður en þeir öðlast lánsrétt auk þess sem hámarksfjárhæð á lánum var lækkuð hjá þeim sem eingöngu greiða viðbótariðgjald til sjóðsins. Tilgangur þessara breytinga var að bregðast við aukinni eftirspurn eftir lánum og stuðla að því að lán séu fyrst og fremst veitt til sjóðfélaga sem greiða í sjóðinn til langs tíma.

Í desember var ákveðið að vextir á nýjum verðtryggðum lánum með breytilegum vöxtum skyldu framvegis vera með föstum vöxtum til þriggja ára og að vextir á hverjum tíma verði ákvarðaðir af stjórn sjóðsins. Markmiðið er að sjóður geti stýrt eftirspurn eftir lánum með vaxtabreytingum sem taka meðal annars mið af áhættumati sjóðsins hverju sinni. Auknar uppgreiðslur á lánum eru í takt við lækkun vaxta á síðustu árum og breytingar á lántökugjöldum.

Fyrir lánveitendur þýðir þessi þróun aukið umfang afgreiðslu lána og það sem skiptir meira máli aukna uppgreiðsluáættu á lánum með fasta vexti.

VI. Besti lífeyrissjóður smáþjóða í Evrópu

Fagtímaritið Investment & Pensions Europe (IPE) valdi Almenna lífeyrissjóðinn besta lífeyrissjóð í Evrópu árið 2019 í löndum með færri íbúa en eina milljón. Þetta var í nítjándra sinn sem þessi árlegu verðlaun eru veitt og í þriðja sinn sem sjóðurinn hlýtur þau.

Dómnefnd lofar meðal annars rafræna miðlun upplýsinga hjá Almenna á opnum vef og sjóðfélagavef og segir hana bæta þjónustu við sjóðfélaga. Þá vakti einnig athygli dómnefndar að sjóðurinn sé að ná stöðugri fjölgun sjóðfélaga án þess að njóta aðstoðar bankaútibúa og án þess að greidd séu sölulaun.

IPE verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 2001 og hafa vaxið að umfangi ár frá ári. Alls bárust 434 tilnefningar en verðlaun voru veitt í 43 flokkum. Það bárust því um 10 tilnefningar í hverjum flokki að meðaltali.

Sjóðir frá 22 löndum tóku þátt en heildarfjöldi sjóðfélaga hjá þátttakendum er um 75 milljónir. Þær eignir sem þátttökusjóðirnir ávaxta nema tveimur trilljónum evra. Dómnefnd skipuð fagfólki úthlutar verðlaunum í hverjum flokki en samtals sat 91 einstaklingur í dómnefndum.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur tekið þátt í verðlaunasamkeppni IPE með hléum frá árinu 2006. Það er mat okkar að umgjörð og vinna í tengslum við úthlutun sé vönduð og að með þátttöku geti sjóðurinn borið sig saman á ýmsum sviðum við það besta í Evrópu og lært af öðrum sjóðum. Það er svo bónus að fá verðlaun en við lítum á þau sem hvatningu til að gera enn betur í þjónustu við sjóðfélaga.

VII. Þjónusta við sjóðfélaga

Starfsmenn sjóðsins hafa skilgreint og sett sér sérstaka þjónustustefnu en samkvæmt henni er stefnt að því að veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu, faglega fræðslu og ráðgjöf. Þannig er markmiðið að því, að afgreiða erindi frá sjóðfélögum eins fljótt og verða má og að sjóðfélagar geti á auðveldan hátt nálgast greinargóðar upplýsingar um sjóðinn í heild og um eigin inneign og réttindi. Sjóðurinn stefnir á að auka sjálfvirkni með því að nýta sjóðfélaga- og launagreiðandavef við afgreiðslu umsókna, skráningu skilagreina og annarra erinda.

Sem hluta af þessari stefnu heldur sjóðurinn reglulega námskeið, upplýsinga- og fræðslufundi sem hafa verið ágætlega sóttir. Á síðasta starfsári hélt sjóðurinn

meðal annars tvo fundi um ávöxtun og eignir, sérstakan fund um ófjárhagslega upplýsingagjöf, fræðslufund fyrir þá sem hyggjast fara á lífeyri fljótlega og fræðslufund fyrir unga sjóðfélaga um kaup á íbúð.

Ég vil nota tækifærið og hvetja sjóðfélaga til að fylgjast með heimasíðu sjóðsins og sækja námskeið og fundi sem nýtast vel til að fræðast um réttindi og fylgjast með eigin lífeyrissparnaði.

VIII. Stjórnarstörf

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um tilfallandi verkefni og önnur samkvæmt fyrirfram ákveðinni fundaáætlun þar sem verkefnum er dreift yfir árið. Einnig hittist stjórnin á aukafundum ef tilefni er til og nú í COVID faraldrinum bættust við reglulegir fjarfundir.

Það er töluverð vinna og krefjandi að sitja í stjórn sjóðsins og mörg mál sem eru afgreidd á hverju ári. Verkefnin eru yfirleitt skemmtileg og það er gefandi að taka þátt í starfi þar sem bæði stjórn og starfsmenn eru einörð í að vinna að heilindum fyrir sjóðfélaga.

Ég vil nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári. Á ársfundinum lýkur kjörtímabili þess sem hér talar og Sigríðar Magnúsdóttur í stjórn auk Helgu Jónsdóttur, varamanns.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári.

Einnig vil ég þakka starfsfólki sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Takk fyrir.